

Þriðjudaginn 12. maí 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2020

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 11.2.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para A við B þegar A hafði náð of háum aldri fyrir fyrsta got. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 12.2.2020 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði ekki efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotlegur við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða hlýtur alvarlega áminningu.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir